

T I L L A G A

til þingsályktunar um niðurlagningu

Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn.

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af kirkjuráði.

Frsm. Arna Grétarsdóttir.

Kirkjuþing 2021-2022 staðfestir hér með niðurlagningu Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn sem kirkjuráð og héraðsfundur Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis hafa þegar samþykkt.

Greinargerð.

Mál þetta varðar niðurlagningu á Kirkjumiðstöðinni við Vestmannsvatn sem er sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá.

Samkvæmt skilmálum skipulagsskrárinnar er ekki hægt að breyta skipulagsskránni og þ.m.t. leggja sjálfseignarstofnunina niður, nema með samþykki kirkjuráðs og héraðsfundar Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis og með staðfestingu kirkjuþings.

Í skipulagsskrá Kirkjumiðstöðvarinnar kemur fram að komi til þess að stofnunin verði lögð niður, skuli biskup Íslands ásamt próföstum Þingeyjar- og Eyjafjarðarprófastsdæma, sjá svo um, að landið og þær byggingar sem þar standa verði afhent landeigendum í Fagranesi og Fagraneskoti, en þeir gáfu Æskulýðssambandi kirkjunnar í Hólastifti landið árið 1962.

Í bréfi, dags. 9. júní 2021 frá stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar til starfshóps kirkjuráðs kemur fram að stjórnin finni sig knúna til að leita til kirkjuráðs um að Kirkjumiðstöðin verði lögð niður og land og eignir afhent eigendum í Fagranesi og Fagraneskoti í samræmi við samþykkt héraðsfundar þar sem engir fjármunir séu til staðar til áframhaldandi reksturs.

Í bréfinu er málinu lýst í stuttu máli á eftirfarandi hátt:

„Aðdragandi þessa máls og niðurstaða er nokkuð langur, en í stuttu máli sá að stjórn KMV gerði leigusamning við ábúendur í Fagraneskoti árið 2016 til að reka þar gistihús

og matsölu. Í desember 2019 barst formanni bréf frá leigutökum um að breyttar forsendur væru fyrir leigusamningnum þar sem hertar reglugerðir væru varðandi brunavarnir. Sú staða var komin upp að ekki fékkst lengur rekstrarleyfi á staðnum nema farið yrði í dýrar framkvæmdir til að uppfylla skilyrði og reglugerðir varðandi brunavarnir. Vildu leigutakar ekki ráðast í slíkar framkvæmdir og áttu erfitt með að fjármagna þær, verandi ekki eigendur staðarins og óviss staða um framtíðina. KMV hefur ekki tekst enn sem komið er fá fjármagn til að byggja staðinn upp svo hægt væri að fá leyfi til reksturs þar. Hafandi engar tekjur og takmarkaðan styrk frá Héraðssjóði og ekki bolmagn til breytinga sem þörf er á, finnur stjórnin sig knúna til að leita til Kirkjuráðs um að Kirkjumiðstöðin verði lögð niður og land og eignir afhent eigendum í Fagranesi og Fagraneskoti í samræmi við samþykkt héraðsfundar.“

Málið var tekið fyrir á héraðsfund Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og var eftirfarandi bókað:

„Héraðsfundur í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis haldinn í Laugarborg Eyjafjarðarsveit, 29.5. 2021 veitir fulltrúum kirkjuráðs umboð sitt til að ganga til samninga við leigutaka og landeigendur við Vestmannsvatni, um að skila landi og afhenda eignir Kirkjumiðstöðvarinnar í samræmi við ákvæði skipulagskrár hennar. Fundurinn leggur um leið fram óskir sem hafðar verði til hliðsjónar við slíka samningagerð:

Fundurinn fer þess á leit að við samningagerð verði tryggt að kirkjan eigi aðgang í framtíðinni að staðnum, til að bjóða þar upp á kirkjulegt starf og að staðinn verði vörður um þá kirkjulegu og sögulegu tengingu sem staðurinn hefur. Í því sambandi gæti komið til greina að kirkjan ætti ákveðið rými, t.d. litla kapellu eða sal sem tileinkað/ur væri kirkjulegu starfi með krossi, altari eða öðru sem vísar til þess að staðurinn var helgaður á sínum tíma.

Fundurinn vill að það komi fram að honum hugnast jafnframt sá kostur að prófastsdæmið eigi hlut í staðnum, hafi leigutakar áhuga á því og eiga samstarf áfram. Fundurinn ítrekar þá ósk sína að samningarnir sýni að tengsl kirkju og Vestmannsvatns varðveitist til framtíðar, þó þau verði með öðrum hætti en verið hefur. „

Kirkjuráð tók málið fyrir á fundi sínum 24. september 2021 og var eftirfarandi bókað:

„Á 326. fundi kirkjuráðs, 3. júní sl., samþykkti kirkjuráð að ferli við skil landsins til landeiganda yrði hafið. Frá fundinum hafa Arna og Stefán, kirkjuráðsfólk, ásamt framkvæmdastjóra kirkjuráðs og lögfræðingi fasteignasviðs fundað með stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar og landeigendum. Jafnframt hefur farið fram héraðsfundur í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, þar sem fulltrúum kirkjuráðs var veitt umboð

til að ganga til samninga við leigutaka og landeigendur við Vestmannsvatn, um að skila landi og afhenda eignir Kirkjumiðstöðvarinnar í samræmi við ákvæði skipulagskrár hennar. Samkvæmt skilmálum skipulagskrárinnar er ekki hægt að breyta skipulagskránni og þ.m.t. leggja sjálfseignarstofnunina niður, nema með samþykki kirkjuráðs og héraðsfundar Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis og með staðfestingu kirkjuþings.

Kirkjuráð samþykkti að sjálfseignarstofnunin yrði lögð niður og mun óska staðfestingar kirkjuþings á þinginu sem haldið verður 23. október nk.“

Þar sem skilyrði skipulagskrárinnar um samþykki héraðsfundar og kirkjuráðs eru uppfyllt óskar kirkjuráð eftir því að kirkjuþing staðfesti niðurlagningu hennar og afhendingu eignanna til eigenda í Fagranesi og Fagraneskoti